

Landgræðsla ríkisins  
Daði Lange Friðriksson,  
Garðarsbraut 5  
640 Húsavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 18. mars 2014  
Tilvísun: UST20140300015/bk

### Umsögn um fyrirhugaða salernisaðstöðu í Dimmuborgum Mývatnssveit.

Umhverfisstofnun hefur borist umsagnarbeiðni dags. 3. mars frá Daða Lange Friðrikssyni f. h. Landgræðslu Ríkisins vegna uppsetningar á salernisaðstöðu í Dimmuborgum í Mývatnssveit.

#### Lýsing framkvæmdar:

Fram kemur í erindi að Trésmiðjan Rein ehf. hefur óskað eftir að byggja færanlegt salernishús í Dimmuborgum. Húsið yrði staðsett rétt austan við núverandi byggingar sem eru á svæðinu og yrði með svipuðu sniði og þær. Húsið yrði byggt á skilgreindum byggingareit og skv. gildandi deiliskipulagi fyrir reitinn.

Einnig kemur fram að mikill fjöldi ferðamanna heimsækir Dimmuborgir árlega og ákveðin vandamál hafi skapast þar undanfarin ár vegna ófullnægjandi salernisaðstöðu sem hinu nýja húsi er ætlað að bæta úr.

Stefnt er að því að húsið verði tilbúið til notkunar þann 1. júní nk. Landgræðslan er eindregið fylgjandi þessari framkvæmd og telur að hún bæti úr brýnni þörf.

Markmið friðlýsingar Dimmuborga er að vernda sérstæðar jarðmyndanir. Jafnframt er það markmið með friðlýsingunni að varðveita jarðmyndanir svæðisins vegna mikils fræðslu- og útivistargildis, en svæðið í heild sinni hefur um langan tíma verið afar vinsæll útivistarstaður heimamanna og viðkomustaður ferðamanna sem um Mývatnssveit fara.

Fram kemur m.a. í deiliskipulagi svæðisins að á byggingareit 2 (sá byggingareitur sem um ræðir í bréfinu) skuli byggingar vera 2 hæðir, með lágreistu þaki þannig að húsið standi sem minnst upp úr landslaginu. Hámarkshæð skal vera 7,5m. Byggingarefni skal vera sem náttúrulegast, þ.e. grjót, torf, timbur, þó er gert ráð fyrir stórum útsýnisgluggum, til útsýnis yfir Mývatn og borgir.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin sé mikilvæg til að stuðla að bættri þjónustu og jákvæðri upplifun gesta á svæðinu en vill taka fram að mikilvægt er að hún hafi sem minnst áhrif á ásýnd svæðisins sem og gæði grunnvatns.


Umhverfisstofnun bendir á að salernishús í Dimmuborgum er háð leyfi af hálfu stofnunarinnar skv. 12. grein auglýsingar nr. 1262/2011, í stjórnartíðindum B. um náttúruvættið Dimmuborgir í Skútustaðahreppi.

Í reglugerð 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður – Þingeyjarsýslu kemur fram í 24. grein um frárennsli að skólp á vanasviðinu skuli hreinsað með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa í samræmi við ákvæði 2. mgr. 7. reglugerðar um fráveitur og skólp.


Í ósk um leyfi til framkvæmda fyrir salernishúsið þarf eftirfarandi að koma fram:

1. Nákvæm staðsetning, hæð og útlit byggingarinnar. Æskilegt væri að með leyfisumsókninni myndi fylgja þrívíddarmynd eða sýnileikakort til að auðvelda mat á áhrifum hússins á ásýnd svæðisins.
2. Upplýsingar um meðferð/hreinsun skólps og hvernig komið verði í veg fyrir að mengun berist í grunnvatn.

Virðingarfyllst



Bergþóra Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur



Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri